



Rannsóknarmiðstöð
um stjórnarhætti

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

2014

Umsögn um stjórnarhætti: Íslandsbanki hf.

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Nasdaq OMX Iceland hf. og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman um að efla eftirfylgni íslenskra fyrirtækja hvað varðar góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi er fyrirtækjum veitt tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur það mat með höndum. Söfnun gagna fer fram hjá ráðgjöfum eða öðrum aðilum sem Rannsóknarmiðstöðin telur hæfa til verksins. Rannsóknarmiðstöðin byggir mat sitt í meginatriðum á því hvort gögnin gefi til kynna að viðkomandi fyrirtæki fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. gefa út. Þau fyrirtæki sem standast matið á framangreindum forsendum er veitt nafnbótin **Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum** (e. Excellence in corporate governance) sem þeim er að öllu jöfnu heimilt að nota í starfi sínu í eitt ár frá veitingu hennar. Þessi viðurkenning er fyrst og fremst veitt til þess að ýta undir umræður og aðgerðir sem efla góða stjórnarhætti. Markmiðið er að matsferlið auki trúverðugleika og gagnsæi stjórnarháttanna fyrirtækja gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur ákveðið að fyrirtækið Íslandsbanki hf. fái viðurkenningu sem *Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum*. Meðfylgjandi umsögn er byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af KPMG í janúar 2014.

Niðurstaða úttektar KPMG á stjórnarháttum Íslandsbanka hf. gefur skýra mynd af stjórnarháttum fyrirtækisins og bendir til þess að fyrirtækið geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum úttektar og umsögn Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti fyrirtækisins:

Hlutverk stjórnar:

Til fyrirmyndar: Hlutverk stjórnar er skilgreint í starfsreglum. Stjórnin leggur áherslu á eftirlitshlutverk sitt og yfirumsjón með stefnumörkun fyrirtækisins. Fjórar nefndir heyra undir stjórnina og áhersla er lögð á áhættustýringu. Hlutverk stjórnarformanns er skilgreint í starfsreglum stjórnar.

Hvað má betur fara: Íslandsbanki hf. er í 95% eigu ÍSB Holding hf. (Glitnir banki hf.) og 5% eigu Bankasýslu ríkisins en er sjálfstætt rekið fjármálafyrirtæki. Mikilvægt er að hlutverk stjórnar sé gert skýrt gagnvart eigendum félagsins, hvað varðar ábyrgð og ákvarðanir.

Verkefni stjórnar:

Til fyrirmyndar: Verksvið og verkefni stjórnar eru í samræmi við starfsreglur stjórnar. Sérstök áhersla er á áhættustjórnun og 30. maí 2012 voru settar vinnureglur við áhættustjórnun fyrir fyrirtækið og dótturfyrirtæki þess. Stjórnin nýtir sér stjórnarborð áhættustjórnunar fyrir umræður um áhættumat. Stjórnarmenn gera árlega endurmat á störfum stjórnarinnar og ræða umbætur á stjórnarháttum fyrir komandi ár.



Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti

Skipulag stjórnar:

Til fyrirmyndar: Stjórnin hélt fimmtán stjórnarfundi árið 2013 og er virk miðað fjölda og lengd funda. Stjórnarfundum er almennt skipt upp, annars vegar síðdegisfundur og hins vegar morgunfundur daginn eftir. Stjórnin hefur aðgengi að öllum gögnum sem tengjast stjórnarstarfinu í sérstöku rafrænu gagnaherbergi.

Hvað má betur fara: Átta af fimmtán stjórnarfundum eru að einhverju leyti símafundir en óljóst er hvort að slíkir fundir séu jafnskilvirkir og fundir þar sem allir sitja við sama borð. Stjórnin mætti skilgreina hvaða upplýsingar hún þarf að fá og hvort að þörf sé fyrir upplýsingar sem koma frá óháðum úttektaraðilum.

Starfshættir stjórnar:

Til fyrirmyndar: Starfsreglur stjórnar voru endurskoðaðar og samþykktar árið 2013. Stjórnin kannar reglulega hvort hún vinni samkvæmt starfsreglum og gerir endurmat á stjórnarháttum. Málafni eru einungis borin fyrir stjórn ef stjórnarmenn hafa haft tækifæri til þess að kynna sér þau.

Hvað mætti betur fara: Umræða um samfélagslega ábyrgð hefur verið mjög takmörkuð.

Stjórnarmenn:

Til fyrirmyndar: Stjórnarmenn virðast hæfir til þess að sitja í stjórn félagsins og hafa fjölbreytta þekkingu og reynslu. Stjórn félagsins árið 2013 samanstendur af níu stjórnarmönnum og tveimur varamönnum en stjórnina skipa: Friðrik Sophusson (formaður), John E. Mack, Árni Tómasson, Daniel Levin, Helga Valfells, Marianne Ökland, María E. Ingvadóttir, Neil Graeme Brown og Þórunn Jónsdóttir. Varamenn eru: Jón Eiríksson og Gunnar Fjalar Helgason. 56% stjórnarmanna eru karlmenn og 44% konur. Meðalaldur stjórnarmanna er 57 ár (47 – 70 ára). Allir stjórnarmenn eru óháðir að Árna Tómassyni undanskildum. Nýir stjórnarmenn fá ítarlega kynningu á fyrirtækinu og hlutverki stjórnar.

Með úttekt þessari er reynt eftir fremsta megni að leggja mat á hvort umrætt fyrirtæki fylgi áðurnefndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti, byggt á þeim gögnum sem aflað er. Úttektin felur því ekki í sér endanlega staðfestingu á að allir þættir í stjórnun og rekstri fyrirtækjanna standist lög, reglugerðir, alþjóðleg viðmið eða tilmæli opinberra aðila. Úttektin ætti eigi að síður að veita hagsmunaaðilum mikilvæga innsýn í hvernig stjórnir og stjórnendur fyrirtækjanna haga störfum sínum almennt.